


Leiðarendi

Almennt:

Hellirinn er 750 m langur, greiðfær og aðgengilegur skammt frá höfuðborginni. Að honum er einungis 150 m. gangur, í mosagrónu hrauni, út frá Bláfjallavegi. Hellirinn stendur utan sveitarfélagsmarka milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur en mun lenda inní landi Hafnarfjarðar eftir samninga við óbyggðanefnd.



Hellismuninn er í stóru jarðfalli að undangengnum stuttum stíg í gegnum hraunið frá veginum. Inngangan er falleg, rauðleit og regluleg. Um er að ræða víða og háa hraunrás. Helsta einkenni hennar eru flögur á veggjum og lofti og hafa þær fallið sums staðar á gólf. Í rásinni má sjá dropasteina, sepa, hraunstrá og aðrar jarðmyndanir. Hellirinn er litskrúðugur og sannkallað náttúruundur. Hann er heillegur, lítið hruninn og gólfíð er nokkuð slétt. Hins vegar hafa hafa sumar þessara náttúrudásemda verið eyðilagðar af manna völdum. Dropsteinar hafa m.a. verið fjarlægðir og brotnir ásamt hraunstráum. Þá hefur verið þreifað á viðkvæmum bakteríumyndunum á veggjum.

Næstum því innst í lengstu rásinni er beinagrind af rollu og dregur hellirinn nafn sitt af örlögum hennar. Alveg innst er stór hrauntjörn, sem er heldur lægri en rásin sjálf. Samtals er Leiðarendi um 400 metra langur. Hægt er að fara í hring og koma út um austuropið, ef vilji er til að skríða spölkorn á maganum.

Hellarásin Leiðarendi er tvískipt í ca 2000 ára gömlu Stórbollahrauni. Yfir það að hluta hefur Tvíbollahraunið runnið á árunum 940-950. Dropsteinar og aðrar myndanir hafa lítið breyst allan þann tíma.

Dropsteinar njóta verndunar skv. lögum um náttúruvernd.

Með umfjöllun þessari er ósk um að hægt verði að búa til verndaráætlun og ráðstafanir svo hægt verði að draga úr líkum á frekari skemmdum og um leið að auka áhuga á aðgengi að hellinum og kynna almenna umgengni þessa náttúrufyrirbæris.

Jarðfræði:

Yfir hrauninu er m.a. Tvíbollahraun, sem rann um 950 e.Kr. Auðvelt er að sjá skilin því síðarnefnda hraunið er apalhraun á þessu svæði, en Stórabollahraun rann lengstum sem helluhraun, líkt og Hellnahraunin eldra og yngra, sem einnig áttu för um þessar slóðir á mismunandi tímum. Stórbollahraunið hefur runnið í Leiðarenda á tveimur stöðum. Nákvæmasta tímasetning á yngra Hellnahrauninu (Breiðdalshraun og Tvíbollahraun) er sú að það hafi runnið á árunum 938-983 (Haukur, Sigmundur og Árný - 1991).

Eldra-Hellnahraunið mun hafa myndað stíflu fyrir dal þann er Ástjörn dvelur nú í sem og Hvaleyrarvatn. Hraunin eru ákaflega lík að ytri ásýnd og nokkuð erfitt að greina þau að. Eldra- Hellnahraun er um 2000 ára gamalt og líkt og Yngra - Hellnahraun komið frá eldstöðvum í eldstöðvakerfi Brennisteinsfjalla og hefur runnið svipaða leið til sjávar. Út frá þessu má ætla að Hvaleyrarvatn og Ástjörn hafi orðið til fyrir up.b. 2000 árum.



Í bók Björns Hróarssonar, jarð- og hellafræðings, "Íslenskir hellar", bls. 209, er m.a. fjallað um Leiðarenda.

Um Leiðarenda segir Björn: "Leiðarendi er um 900 metra langur hellir og hin mesta draumaveröld. Hellirinn gengur til beggja átta út frá niðurfalli og tengjast leiðirnar þannig að hellirinn liggur í hring. Hellirinn kvíslast og hefur þak vestari rásarinnar brotnað niður. Nokkru neðan niðurfallsins sameinast kvíslarnar á ný og þaðan liggja mikil og falleg göng til norðurs. Það er mjög sérstakt að fara í hellaferð innúr niðurfalli og koma svo út klukustundum síðar hinum megin niðurfallsins. Hreint ævintýri fyrir þá sem eru að gera slíkt í fyrsta skipti.



Hellisgöngin eru víðast hvar lítt hrúnin og hellirinninn auðveldur yfirferðar þótt auðvitað þurfi aðeins að bogra á einstaka stað og klungrast á öðrum. Sérstaklega lækkar verulega til lofta nyrst í hellinum. Töluvert er um skraut, dropsteina, hraunstrá og storkuborð auk þess sem hraunið tekur á sig hinar ýmsu myndir. Á einum stað má til dæmis sjá fyrirbæri í lofti hellisins sem hellamenn kalla "Ljósakrónuna" og svo mætti áfram telja. Þá er beinagrind af sauðkind innarlega í hellinum og má með ólíkindum telja hve langt kindin sú hefur ráfað inn dimman hellinn.

Hellismunninn er skammt frá hraunjarðri Tvíbollahrauns sem raunar hefur runnið inn í Leiðarenda á tveimur stöðum syðst og vestast í hellinum enda liggur hann þar undir Tvíbollahraun.



Fornminjar í íslenskum hraunhellum hafa hins vegar lítið verið rannsakaðar af sérfræðingum en merkileg bein er að finna í nær eitt hundrað hraunhellum og bíða þau rannsókna. Leiðarendi var kortlagður í desember 1992 og júlí 1993".

Innst í syðsta hluta Leiðarenda er stór "hrauntjörn". Þar lækkar hellirinn, en hækka um leið því hrauntjörnin hefur brætt sig niður í undirstöðu(grann)bergið uns hluti hennar fann sér áframhald, sem varla verður rekjanlegt nema með

mikilli fyrirhöfn.

Eitt af sérkennum Leiðarenda eru þunnar hraunflögur á kafla. Þær hafa fallið af veggjum og úr lofti. Þær gefa til kynna mismunandi hraunstrauma í gegnum rásina, hverja á fætur annarri. Má líkja þeim við endurteknar samfarir fullorðinnar hraunrásar



við nýja strauma.

Ljósakrónan fyrrnefnda er í tengirás Leiðarenda við efri hellirásina.

Hins vegar má segja með sanni að einn heillegasti og fallegasti hluti Leiðarenda er í þessari rás, líkt og sjá má í bók Björns; "Íslenskir Hellar" (Við frásögnina af sauðkindinni, sem Björn lýsir og varð tilefni nafngiftarinnar, má bæta að öllum líkindum hefur sú arma mæð verið að leita skjóls vegna einhvers, t.d. snjóa eða náttúruhamfara. Hafa ber í huga að

mörg dýr geta gengið fram og til baka um niðmyrkra ranghala án ljóss. Það hefur hellaleitar-hundurinn Brá t.a.m. sannað margsinnis. Það hefur því verið eitthvað annað en eðlilegheitin, sem varð sauðkindinni að aldurtila, s.s. eiturgufur hraunkvikunnar er lagðist yfir hraunrásina umrætt sinn. Ef svo hefur verið má ætla að hér á landi hafi verið urmull sauðfjár - og það fyrir aðkomu norrænna landnámsmanna hingað í kringum 874 +/-02. Einhverjir hafa þá verið hér þótt Leiðarendi sé bæði aðgengilegur og áhugaverður þarf að gæta vel að því að skemma ekkert er getur haft þar varanlegt gildi fyrir komandi kynslóðir.

Verndaráætlun:

Eigum við að friðlýsa? Það er einmitt markmið friðlýsingar að vernda þessar einstæðu jarðmyndanir og hellakerfið allt. Einnig er með friðlýsingunni hægt að stefna að því að koma í veg fyrir röskun og skemmdir á jarðmyndunum ma hella. Þar með gætu verið takmarkanir á aðgangi að viðkvæmasta hluta hans.

Áður hafa 3 hellar verið friðlýstir hér á landi á grunni náttúruverndarlaga, en þeir **eru Jörundur í Lambahrauni og Árnahellir í Leitarhrauni og Kalmannshellir í Hallmundarhrauni** en auk þess eru dropsteinamyndanir í öllum hellum landsins friðlýstar sem náttúruvætti. Bannað er að brjóta eða skemma á annan hátt umræddar dropsteinsmynanir.

Hellirinn Jörundur var friðlýstur sem sérstakt náttúruvætti árið 1985, en hellirinn er afar sérstakur vegna mikils fjölda dropsteina. Árnahellir var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2002 og er markmið friðlýsingarinnar að vernda hellinn ásamt einstæðum jarðmyndunum. Árnahellir er í flokki örfárra hella á jörðinni sem skarta svo glæsilegum og ósnortnum hraunmyndunum og er hann talinn náttúrufyrirbæri á heimsvísu. Til að tryggja verndun hellanna eru þeir báðir lokaðir fyrir almennri umferð. Kalmannshellir í Hallmundarhrauni var friðlýstur sem náttúruvætti 2011 og eru takmarkanir á aðgangi að viðkvæmasta hluta hellisins.

Mikilvægt er að umsjón og eftirlit með svo sérstæðum jarðmyndunum sem hellar eru verði með besta móti til að tryggja vernd þeirra og þau náttúruverðmæti sem í þeim felast og eru ekki endurheimtanleg. Þar sem í mörgum hellum eru afar viðkvæmar myndanir hafa komið fram tillögur um að flokka hella með tilliti til þess hvort heimila eigi aðgang að þeim eða ekki.

Ég tel afar brýnt að sem fyrst verði unnið að slíkri flokkun hella með tilliti til þess hvort unnt sé að heimila frjálsan aðgang að þeim eða ekki.



Árni B. Stefánsson hellaáhugamaður hefur líkt og hellafræðingar víða um heim gert tillögu að flokkun.

Tillögur:

Í apríl á síðasta ári kom tillaga frá Árna B Stefánssyni f.h. verndunarnefndar Hellarannsóknarfélagi Íslands hvernig hægt væri að bregðast við aukinni umferð um hellinn. Ég tel skynsamlegast að farið verði í deiliskipulagsgerð um svæðið og kallaðir verðir til félagar úr verndunarnefnd Hellarannsóknarfélags Íslands til skrafs og ráðagerða í þeirri vinnu. Erindið verði því unnið í nánú samstarfi við félagið. Eins og fram kemur í erindinu verði einnig óskað eftir aðkomu ferðaþjónustufyrirtækja hvernig best sé að gera þetta.

Þannig getum við brugðist við með faglegum hætti og gert verndaráætlun og einnig frágangsráætlun til langs tíma.